



Fréttatilkynning

frá

skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN

FORSETA ÍSLANDS

TIL KÍNA

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, verður í opinberri heimsókn í Kína 12.–17. október 2025 í boði Xi Jinping, forseta Kína. Í för með henni verður Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, ráðherra dómsmála og jafnréttismála, Steinunn Valdís Óskarsdóttir skrifstofustjóri í ráðuneytinu, Sif Gunnarsdóttir forsetaritari og Þórdís Valsdóttir upplýsingafulltrúi í ráðuneytinu. Markmið ferðarinnar er að staðfesta góð tvíhliðasamskipti ríkjanna tveggja, ræða um áframhaldandi viðskipti og samskipti þjóðanna og samstarf á sviði jarðvarma, jafnréttismála og sjálfbærrar þróunar.

Forseta er boðið sem heiðursgesti að ávarpa 30 ára hátíðarfund kvennaráðstefnunnar í Peking sem haldinn er á vegum kínverskra stjórnvalda og UN Women mánudaginn 13. október. Forseti mun jafnframt eiga fund með forseta Kína. Þar gefst tækifæri til að ræða mikilvægi 30 ára hátíðarafundarins, tvíhliða samskipti ríkjanna og helstu áherslumál Íslands, m.a. á sviði loftslagsmála, mannréttinda og friðar. Þriðjudaginn 14. október tekur forseti þátt í opinberum fundi í sendiráði Íslands í Peking. Höfuðefni fundarins er mikilvægi jarðvarma sem orkugjafa og samstarf Íslands og Kína. Sendiráðið, sem fagnar 30 ára afmæli á árinu, á von á um 150 fundargestum úr stjórnslu Kína, atvinnulífinu, háskólasamfélaginu, alþjóðastofnunum og diplómatasamfélaginu.

Miðvikudaginn 15. október ferðast forseti til Shanghai. Þar mun hún meðal annars eiga fundi með leiðtogum borgarinnar og með fulltrúum íslenskra fyrirtækja. Fimmtudaginn 16.

október ávarpar forseti ráðstefnu forystufólks í viðskiptum, stjórnámálum og alþjóðastofnunum og ræðir þar um ábyrg viðskipti og góða stjórnarhætti. Einnig heimsækir hún íslenskan kynningarbás á sýningu um grænan iðnað og sjálfbæra neyslu. Föstudaginn 17. október tekur forseti m.a. þátt í samtali við nemendur CEIBS viðskiptaháskólans í Shanghai og heimsækir norrænu deildina við Fudan háskólann. Um kvöldið fer hún á tónleika City Chamber Orchestra of Hong Kong en á efnisskránni eru m.a. verk eftir íslensk samtímatónskáld.

Þess má geta að forseti Íslands hefur ekki sótt Kína heim frá því 2010 og forsætisráðherra Íslands ekki síðan 2013. Síðast sótti utanríkisráðherra Íslands Kína heim árið 2018.

10. október 2025

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).